Skólaráð 2. febrúar 2021

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúi kennara, Eva Sjöfn Helgadóttir og Aðalsteinn Möller fulltrúar foreldra, Valtýr Ferrel fulltrúi nemenda, Auður Sigrúnardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Fundur hófst kl. 08:05 og var haldinn á Teams

1. **Skóladagatalið**
   Samband íslenskra sveitarfélagið gaf út rangt dagatal sem hefur nú verið leiðrétt (bolludagur, sprengidagur og öskudagur voru ranglega skráðir).
   Fyrirspurn um hvaðan hinir og þessir „dagar" koma, t.d. dagur læsis, dagur stærðfræðinnar o.fl., hvort það séu skertir nemendadagar, sem þeir eru fæstir. Nemendur eru með 180 skóladaga, heimild er fyrir 10 skertum nemendadögum og 10 uppbrotsdaga.
   Skólaráð samþykkir dagatalið.

2. **Skólastarfið framundan**
   - fræðsla f. foreldra allra barna en sérstaklega fyrir foreldra unglinga, Margrét Lilja frá Rannsókn og greiningu kynnir niðurstöður á líðan barna í Covid-19 og síðan verður Gísli Þór Einarsson kennari, með fornvarnarfræðslu um áfengi og vímuefni.
   - 9. bekkur er á Laugarvatni í Ungmennabúðum þessa viku.
   - Í mars verður skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk.
   - Öryggismál, vinnuvernd er að meta starfið hér með tilliti til t.d. öryggisþátta, líðan starfsfólks áætlana um eineltismál o.fl.
   - Fjölgun nemenda í skólanum, frá því í haust hefur fjölgað um 20 nemendur og við sjáum fyrir okkur meiri fjölgun nemenda næstu misseri og fyrirséð að nemendahópar verða fleiri á elsta stigi en nú er og þá vantar kennslustofur. Skólinn er að óska eftir tveimur lausum kennslustofum til viðbótar á Vallargerðisvöllinn og sú beiðni er í umsóknarferli.
     Fyrirspurn frá fulltrúa grenndarsamfélag um ástand lausu kennslustofanna, með tilliti til leka og þess konar ástands. Húsin eru frá tveimur aðilum og þau hús sem koma frá Króatíu eru með öðrum hætti, það þurfti að setja þak á þau og bæta klæðningar vegna leka, en þau eru undir mjög góðu eftirliti og allt lagfært um leið og eitthvað ber út af. Það fer vel um nemendur og starfsfólk og skólastarfið gengur vel þarna, þó ekki sé ákjósanlegt að þetta húsnæði sé nýtt í mörg ár.

3. **Brýning frá menntamálayfirvöldum**
   Starfsmenn skóla fengu brýningu frá ráðherra um að halda áfram að gæta vel að sóttvörnum starfsfólks og nemenda og sofna ekki á verðinum.

4. **Svör við fyrirspurnum frá fyrri fundi**
   - Varðandi umferðarmál í hverfinu; Ásthildur Helgadóttir sviðstjóri umhverfissviðs kemur á foreldrafund og fer yfir skiplag á umferðarmálum og svarar fyrirspurnum. Skólastjóri finnur fundartíma í samráði við ÁH, í marsmánuði, seinni part dags).

- Varðandi kostnað við hönnun nýs húsnæðis; hægt er að fá þessar upplýsingar hjá bæjarritara, fulltrúi ætlar að afla þessara upplýsinga í nafni skólaráðs.

5. Önnur mál

- Hljóðvist í matsal, fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvernig hún er.
  Það er komið kerfisloft og gardínur til að bæta hljóðvistina, en það eru stórir hópar sem koma inn í matsalinn og þá myndast hávaði sem truflar og það er stöðugt verið að vinna með að minnka hann, t.d. er sama stigi dreift í efri og neðri sal, verið að skammta á þremur stöðum og fl. en stigin eru misstór og mismikill hávaði milli stiga.
- Stuttur matartími nemenda, þ.e. að nemendum finnst þeir hafa stuttan tíma, umræða úr foreldrafélagi. Stöðugt verið að reyna að finna lausnir á að matartíminn nýtist nemendum sem best, að þeir þurfi ekki að bíða lengi í röð eftir mat. Gengur mun betur þegar takmarkanir í matsalnum eru ekki lengur til staðar. En það er erfitt að lengja matartímann án þess að lengja ekki skóladaginn, auk þess sem breytingar hafa áhrif á frímínútur, gæslu o.fl. en þetta er stöðugt til skoðunar á hverju ári við stundatöflugerð og verður það núna eins og fyrr.

Fundi slitið kl. 8:40

Ritari; Sigrún Valdimarsdóttir

aðstoðarskólastjóri